

Stefnumótandi byggðaáætlun 2017 - 2023

## Stiklur: Áherslumál á samráðsfundum

haustið 2016.

Í framhaldi af fundum með sjö samráðsvettvöngum landshluta fyrir sóknaráætlanir sl. vor um gerð byggðaáætlunar 2017-2023 fundaði starfsfólk Byggðastofnunar og starfsmaður atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, sem jafnframt er formaður stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál, með þeim aftur í október 2016. Fundur með samráðsvettvangi SSH náðist ekki en fundur með stjórn SSH var haldinn 7. nóvember. Þá var fundað með fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga og stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál.

Á vorfundunum var opnað fyrir samráð við mótun byggðaáætlunar og leitast við að halda samráðinu opnu á rafrænan hátt. Fundirnir voru vel sóttir, áhugi fyrir byggðaáætlun og umræður góðar. Fundirnir voru haldnir á eftirtöldum stöðum:

3. október: Eyþing, Akureyri.

7. október: FV, Ísafirði.

4. október: SSV, Hvammstanga.

25. október: SSA, Egilsstöðum.

4. október: SSV, Stykkishólmi.

26. október: Samband íslenskra sveitarfélaga

5. október: SASS, Selfossi.

7. nóvember: Stjórn SSH

5. október: SSS, Keflavík.

## Landshlutasamtök sveitarfélaga og samráðsvettvangar þeirra:

Helstu umræðu- og áherslupættir á fundunum voru þessir:

### Stefnumótandi byggðaáætlun:

Fram komu sjónarmið um mikilvægi þess að opinberar áætlanir væru samhæfðar. Spurt var um fjármagn til byggðaáætlunar og að hún væri tóm mál án fjármagns. Þá var innleiðing og framfylgd áætlunarinnar umræðuefni og hverjir væru flöskuhálsarnir í framkvæmd áætlunarinnar. Kynna þarf byggðaáætlun vel fyrir þingflokki á Alþingi. Rætt var um stefnu og framtíðarsýn í byggðamálum.

### Sóknaráætlanir landshluta:

Ítrekað að veita þurfi meira fjármagn í sóknaráætlanir. Þær þurfi að efla og fá meiri fjármuni í áhersluverkefni.

### Fjarskipti:

Alls staðar kom fram mikil áhersla á ljósleiðaravæðingu eins og á fundunum sl. vor og að eigendafyrirkomulagið, þar sem sveitarfélög hefðu tekið frumkvæði, truflaði og tefði ljósleiðaravæðinguna. Rætt var um að flýta þyrfti framkvæmdum og viðbótarframlag kæmi með byggðaáætlun við kostnaðarluta ríkisins við ljósleiðaravæðinguna. Einnig að þau sveitarfélög sem leggja fram fjármuni til að flýta lagningu ljósleiðara fái endurgreitt.

### Samgöngur:

Enn kom fram óánægja með innanlandsflugið, hversu dýrt það væri og mikilvægt væri að ríkið styrkti áætlunarflug innanlands. Umræður voru um hvernig fjármagna mætti niðurgreiðslur á innanlandsfluginu og að það þyrfti að skilgreina sem almenningssamgöngur. Áhersla er á niðurgreiðslur á fargjöldum hafa haft mikla þýðingu fyrir almenningssamgöngur á landi en að reksturinn sé landshlutasamtökum sveitarfélaga erfiður. Á flestum fundum var stuðningur við það viðhorf styrkja þá sem keyra langan veg milli heimilis og vinnustaðar. Rætt var að ef styrkir til ferða milli heimilis og vinnustaðar yrðu teknir upp mætti það ekki verða á kostnað almenningssamgangna. Þangað væri eftirsóknarvert að beina slíkum ferðum fólks.

Þá kom fram að flugvélaeldsneyti væri mun ódýrara á flugvellingum í Keflavík en á öðrum flugvöllum sem hefði veruleg áhrif á samkeppnisstöðu. Á þessu sviði þyrfti kostnaðarjöfnun.

Leggja þarf áherslu á innanhéraðsvegi sem víða eru í slæmu ástandi.

Sundabraut er mikilvæg samgöngubót milli höfuðborgarinnar og landshluta á vestur- og norðurluta landsins. Samkvæmni þarf milli byggðaaætlunar og samgönguáætlunar.

Þá komu fram viðhorf um að hvetja þyrfti uppsetningu hleðslustöðva fyrir ökutæki á landinu.

### Orkumál

Greiða á fasteignagjöld af raflínum eins og orkuverum. Sæstrengur til Bretlands stríðir gegn stefnu um atvinnuuppbyggingu. Brýnt að nýta raforku sem næst orkuverum. Þarf stefnu í orkumálum: Hvernig á að nýta síðustu dropana til raforkuframleiðslu. Þörf er mikil fyrir þriggja fasa rafmagn. Huga sérstaklega að köldum svæðum og efla Orkusjóð til þess að styrkja sveitarfélög til að leita að heitu vatni. Jafna þarf orkuverð til heimila og hvetja til bygginga heimarafstöðva.

### Samkeppnissjóðir

Tekið var undir mikilvægi þess að hlutfall af fjármagni samkeppnissjóða væri eyrnamerkt umsóknum utan höfuðborgarsvæðisins. Rætt var að fjölga þyrfti fólki utan höfuðborgarsvæðisins í stjórnnum samkeppnissjóða, að umsóknir utan höfuðborgarsvæðisins hefðu forgjöf í einkunnagjöf. Hugmyndir voru líka settar fram um að sjóðirnir bættu þjónustu sína við umsækjendur utan höfuðborgarsvæðisins. Skilgreina má rannsóknasvið sem betur henta utan höfuðborgarsvæðisins. Fram kom að auka ætti fjármagn til uppbyggingarsjóða í stað þess að eyrnamerkja sérstaklega fjármagn úr samkeppnissjóðum á landsvísu.

### Atvinnuvegir

Endurtekin lækkan á afurðaverði til bænda er grafalvarlegt mál, staða landbúnaðar vond og sauðfjárræktin í stórhættu. Huga þarf að flutningsstyrkjum til bænda vegna flutnings fjár til slátrunar. Styðja við kynslóðaskipti í landbúnaði og tryggja ábúð á jörðum og leggja meiri áherslu á matvælandið Ísland. Kaupverð bújarða með veiðiréttindi er svo hátt að þær eru að fara úr ábúð. Könnun sýnir að atvinnumál séu yfirgnæfandi ástæða fyrir brottflutningi ungs fólks frá þéttbýlisstöðum landsins til höfuðborgarsvæðisins. Mótvægisáðgerða er þörf gegn samþjöppun sjávarútvegs, hann færir á færri staði. Byggðastofnun á ekki að vera kvótakóngur.

Huga þarf að skipulegri uppbyggingu fyrir ferðaþjónustu.

Á Norðurlandi vestra kom fram að styðja þyrfti við uppbyggingu á Hafursstöðum en líka að huga þyrfti að öðru en álveri þar.

Skattleggja á markaðshlutdeild: Minni markaðshlutdeild, minni skattur.

### Íbúðarhúsnæði:

Enginn byggir nýtt húsnæði þar sem endursöluverð nær ekki byggingarkostnaði og að því þarf að hyggja. Lán eru brot af fasteignamat en ekki hlutfall af byggingarkostnaði sem er miklu hærri en fasteignamat. Hvernig á að byggja fyrir vaxandi ferðaþjónustu og aðra atvinnustarfsemi. Víða er skortur á húsnæði og breyta þarf aðstoð lánasjóða og byggingarfélaga til að bæta úr. Skortur á íbúðarhúsnæði kemur í veg fyrir að Íslendingar setjist að úti á landi þar sem ekki er viðunandi húsnæði að fá. Ferðaþjónustu því víða haldið uppi af útlendingum sem oft búa í bráðarbirgðahúsnæði.

### Stofnanastefna:

Leggja bæri áherslu að koma nýjum stofnunum og nýjum verkefnum stofnana fyrir utan höfuðborgarsvæðisins. Flytja þarf þekkingarstarfsemina út í landsbyggðirnar, kennslu á háskólastigi. Læra mætti af reynslunni við flutning Fiskistofu þegar stofnanir væru settar niður utan höfuðborgarsvæðisins, að flytja höfuðstöðvarnar, forstjórnann, og þá byggðust stofnanirnar

smám saman upp í kringum hann. Fara þarf varlega í að flytja heilu stofnanirnar frá höfuðborgarsvæðinu. Það er vandasamt. Festa verður fjármagn og stað fyrir störf á stofnunum utan höfuðborgarsvæðisins (á fjárlögum). Sú leið að fjölga opinberum störfum hefði ekki skilað árangri. Þarf að skapa öryggi um þessi störf. Störf án staðsetningar bæri að athuga við gerð byggðaáætlunar. Fjarvinnsla var áherslumál á sínum tíma en hún var það fyrsta sem skorið var í sparnaðarskygni.

Lýst var aðstæðum í skosku hálöndunum: Ein öflug byggðastofnun.

#### Heilbrigðismál:

Skipting landsins í heilbrigðisumdæmi ætti að standast á við svæði sóknaráætlana eins og starfssvæði ríkisstofnana gera yfirleitt.

Ófremdarástand væri að börn fæðast í vaxandi mæli á bílastæðum á leið á sjúkrahús. Þessu tengt að sjúkraflutningar þurfa að vera í samræmi við aðstæður. Fyrir hendi er aðstöðumunur í landinu til þess að fæða börn. Fæðingarþjónusta á of fáum stöðum.

#### Menntmál:

Framhaldsskólinn var ræddur, þróun hans síðustu misseri, staða og líkleg þróun. Talað var um að framhaldsskólinn væri deyjandi vegna fækkunar nemenda og að skilyrði til verknáms og meistaranáms iðngreina yrði að vera fyrir hendi víða um land. Framhaldsnám er dýrt og mikið brottfall nemenda skýrist mjög af vinnu meðfram námi. Áhyggjum lýst af stöðu háskóla. Þeir væru mikilvægir utan höfuðborgarsvæðisins. Háskólastarfsemi vantar á Austurlandi. Háskólafjármagni á að beina til landshlutasamtaka sveitarfélaga sem geti svo ráðstafað fjármagninu til háskólastarfsemi heima fyrir. Brýnt að bæta fjarnám háskólanna, menntun er eitt mikilvægasta áhaldið fyrir byggðaþróun. Stofna þarf þróunarsjóð fjarnáms. Áhersla á símenntunarstöðvar sem eru mikið byggðamál.

Rætt var að veita mætti minni byggðalögum aðstoð við að efla íslensku kennslu og að slík mál ættu heima í byggðaáætlun.

Mikilvægt að lækka leikskólagjald til þess að auðvelda ungum fjölskyldum að setjast að.

#### Námslán:

Lækkun á endurgreiðslu námslána er leið sem gefist hefur vel í Noregi til þess að fjölga langskólagengnu fólki í byggðum landsins. Þar væri slík lækkun allt að 20% á ári og líkur til þess að fólk muni dvelja áfram eftir þau 5 ár sem tæki að niðurgreiða námslánin þannig.

#### Jöfnun rekstrarskilyrða fyrirtækja:

Lýst var að bankar væru tregari til fyrirgreiðslu utan höfuðborgarsvæðisins, jafnvel á Akureyri. Rætt hvort ríkið þyrfti að eiga banka til þess að tryggja jafnrétti, jafnt aðgengi að lánsfé.

#### Skattatekjur:

Áhersla kom fram á að sveitarfélög fengju hlut af skattatekjum af ferðaþjónustu því þau þyrftu að bera af henni mikinn kostnað. Jafna þyrfti tekjumun ríkis og sveitarfélaga. Ekki er ráðlegt að eiga við útsvar í byggðaáætlun.

Vænleg leið til stuðnings byggða utan höfuðborgarsvæðisins að veita þar skattaívilnun. Greiða mætti konum fyrir að flytja út fyrir höfuðborgarsvæðið og fyrir hvert barn. Hins vegar væri fólk að eldast þar og og til fjölgunar þyrfti líka unga karla.

#### Sveitarfélög:

Fram kom það sjónarmið að styrkja þurfi sveitarstjórnarstigið og að sameining sveitarfélaga ætti að vera í byggðaáætlun. Með því yrði hægt að auka þjónustu og flytja ný verkefni frá ríki til sveitarfélaga. Annað sjónarmið sem fram kom var að ekki ætti að flytja verkefni frá ríki til sveitarfélaga því því slíkum verkefnum fylgdu ekki nægilegir fjármunir. Ný áhöld þarf til að hvetja

sameiningu, t.d. að framlög Jöfnunarsjóðs skerðist ekki við sameiningu. Þá var rædd mismunandi skilgreining stofnana ríkisins á þéttbýli (200 íbúar eða 50 íbúar) eftir því hvað hentaði þeim. Þarf að vera samræmt. Einnig rætt að ályktanir frá sveitarfélögum og samtökum þeirra ekki teknar til skoðunar hjá stjórnvöldum.

#### **Höfuðborgarstefna:**

Á fundi með stjórn SSH kom fram sjónarmið um að í byggðaaáætlun ætti að koma fram staða höfuðborgarinnar sem miðstöð stjórnsýslu, menntunar og þjónustu og mikilvægi hagkerfis höfuðborgarsvæðisins fyrir alla landshluta. Þá að í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins kæmi fram hver stefna væri þar og framtíðarsýn.

Rætt var hvort skilgreina megi fleiri en eina höfuðborg, t.d. höfuðborgir landshluta.

#### **Þjónustukostnaður:**

Mikilvægt að lækka kostnað fólks við þjónustusókn því hann er mismunandi eftir aðgengi og svæðum. Áhyggjur af lokun afgreiðslna banka og pósthúsa.